

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra
Úthlutunarnefnd
Fundargerð

40. fundur úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra haldinn mánudaginn 8.12. 2025 kl. 13:00 á Teams.

Allir nefndarmenn voru mættir; Jóhann Albertsson formaður, Bjarni Gaukur Sigurðsson, Katharina Schneider, Hjörtur Smáráson, Hugrún Sif og Þórhildur M. Jónsdóttir.

Einnig sátu fundinn starfsmenn SSNV þau Berglind Björnsdóttir og Guðlaugur Skúlason sem stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Niðurstöður mats á umsóknum

Eftirfarandi greinar í úthlutunarreglum hafa áhrif á mat umsókna:

- 10. gr. Öll fylgigögn, þar með talið staðfestingar samstarfsaðila, skulu fylgja með umsókninni þegar henni er skilað. Eftir að umsóknarfrestur rennur út er ekki hægt að breyta eða bæta við umsókn. Ársreikningur síðasta árs skal fylgja umsókn um stofn- og rekstrarstyrk.
- 11. gr. ...Skila þarf inn staðfestingu samstarfsaðila með umsókn. Í umsóknarformi kemur jafnframt fram: Ef staðfesting á samstarfi fylgir ekki með í viðhengi verður umsóknin ekki tekin til umsagnar við úthlutunarferli.
- 16. gr. Mat á umsóknum: Allar umsóknir skulu metnar hlutlægt skv. matsblaði sem er fylgiskjal þessara reglna og birt er á heimasíðu SSNV.
 - a) Öllum umsóknum eru gefin stig á skalanum 1-10 þar sem lagt er mat á umsóknina skv. listrænu og/eða menningarlegu eða atvinnu og/eða nýsköpunargildi verkefnisins.
 - b) Ef umsókn fær undir 3 stigum fyrir einhvern af þremur fyrstu liðum matsblaðsins telst hún sjálfkrafa ófullnægjandi.
 - c) Við úthlutun styrkja þá er sú umsókn sem flest stig fær tekin fyrst til afgreiðslu og svo koll af kolli þar til; a) fjárveiting er uppurin b) ekki eru fleiri umsóknir til afgreiðslu.
 - d) Gengið skal út frá þeirri meginreglu að umsókn sem fær fullt hús stiga fái fullan styrk (50% af styrkhæfum heildarkostnaði verkefnis). Umsóknir sem ekki fá fullt hús stiga fái styrk í hlutfalli við stigamat. Sjá þó grein 17 b)

Haldið var áfram við vinnu og umræður um niðurstöður nefndarfólks. Vinnu við mat umsókna er nú að fullu lokið.

2. Tillögur til stjórnar

Frestað til næsta fundar sem verður föstudaginn 12.12. kl. 9:00.

3. Önnur mál

Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:30.

Berglind Björnsdóttir

Fundarritari